

NAS1001 Nám og störf – kynningarvika

Námskeiðslýsing ▶	Fyrsta vika vetrarins er undirbúningsvika fyrir nýnema. Nemendur fá kynningu og leiðsögn á því, hvernig er að hefja nám eftir langt hlé. Farið verður yfir skipulagningu námsins, námstækni, álag, tímastjórnun o.þ.h. og námsráðgjafi mun kynna þá þjónustu sem hann mun veita. Einnig verður nemendum kennt á kennslukerfið og bókasafn. Þá verður nemendum sýnt hvernig má skipuleggja tölvur sínar með tilliti til náms og kennarar kynna námsefni annarinnar. Eins verður lögð áhersla á hópefli meðal nemenda, því mikilvægt er að þeir kynnist og verði þéttur hópur öflugra nemenda sem stefna öll að sama markmiði.
Námsmarkmið ▶	Eftir námskeiðið eiga nemendur að : <ul style="list-style-type: none">• kunna að skipuleggja tölvur sínar• þekkja kennslukerfið• vera tilbúnir að takast á við krefjandi aðfararnám fyrir háskólastig• þekkja helstu kröfur skólans og kennara• vera málkunnug öðrum nemendum innan deildarinnar.
Grunnupplýsingar ▶	Námskeiðsnúmer: NAS1001 Enskt heiti: ??? Einingafjöldi: 1 eining Lágmarkseinkunn: 5,0 Námsstig: Háskólabrú Kennslumisseri: Haust Kennslufyrirkomulag: Kynningar og hópefli Kennsluvikur: 1
Umsjón ▶	Keilir
Undanfarar / Forkröfur ▶	Inntökuskilyrði Háskólabrúar
Námsmat ▶	Verkefni gilda 50% af lokaekunn Skriflegt lokapróf gildir 50% af einkunn
Bækur ▶	
Annað lesefni ▶	